

### Íbúafundur

Íbúafundur haldinn í Múla. Fundur hófst kl 16:15

Mætt voru: Hverfisráðið: Halla Ingólfssdóttir, Bjarni Reykjalin Magnússon auk íbúa. Samtals 15 manns sátu fundinn.

### Dagskrá:

#### 1. Vegagerð:

Vegamál liggja þungt á heimamönnum, það þarf að gera göturnar góðar ekki bara holufylla öðru hverju. Það var sett bundið slitlag 1994 og aftur 2014 en þá var það ekki klárað almennilega, því það mátti bara setja á ákveðið marga kílómetra. Einnig var bent á að lestin sem er mjög vinsæl hjá ferðamönnum er í vandræðum með að keyra á götunum eins og ástandið er á þeim. Einnig þyrfti að setja dren á nokkrum stöðum, það virkar mjög vel þar sem dren voru sett í fyrra vetur.

#### 2. Ljósastaurar og stikur:

Óskað er eftir ljósastaurum frá byggðinni að Básam þar sem ferðamenn koma í auknu mæli einnig yfir vetrartímann. Einnig væri gott að fá ljósastaura suður að vitanum. Einnig var bent á að það mætti setja stikur á sömu leið. Þessi beiðni var einnig í fundargerð 45.

#### 3. Gámasvæðið:

Óskað er eftir því að plan undir ruslasvæði verði steipt. Hingað til hefur verið þar malarplan og er þ.a.l. drullusvað mestan hluta árs. Þessi ósk hefur komið fram áður, m.a. í fundargerð 40. fundar 14. febrúar 2023. Og aftur í fundargerð 45.fundar 19.febrúar 2024.

#### 4. Ferjan:

Stefnt er að því að ferjan fari í slipp í apríl 2025 og er það afleit tímasetning bæði hvað varðar sjávarútveg og sérstaklega slæmt fyrir ferðaþjónustu í eyinni. Óskað er eftir aðstoð við að tímasetningunni verði breytt og að ferjan fari frekar í slipp í desember eða janúar í framtíðinni. Einnig er töluverð fjölgun af ferðamönnum sem eru að koma utan við sumartíman og óskum við eftir því að ferjan stoppi til klukkan 15:00 ef ferðamenn eru um borð. 2 tímar eru ekki nægur tími þar sem ferjan kemur oft ekki fyrr en um 12:30 vegna veðurs og/eða sjólags.

#### 5. Félagsheimilið Múli:

Óskað er eftir fánastöngum á félagsheimilið og eru heimamenn tilbúnir til að setja þær upp þegar þær koma.